

Ársskýrsla Maríuhúss 2013

Skjólstæðingar

Á árinu 2013 voru 42 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Maríuhúss, 23 karlar og 19 konur. Af þeim bjuggu 24 með maka en 18 bjuggu einir. Meðalaldur þeirra var 77,5 ár (56 til 90 ára). Meðaldvalartíminn er 20,7 mánuðir en sá sem var styst var 3 mánuði en sá sem var lengst hafði verið í 53,8 mánuði.

Um áramót 2013/2014 voru 25 einstaklingar skráðir í Maríuhús. Flestir koma alla virka daga en sumir þrjá og sumir fjóra daga í viku.

Fimm skjólstæðingar fá aðstoð við böðun vikulega og tólf skjólstæðingar fara með okkur í sund einu sinni í viku. Tveir herrar fá daglega aðstoð við rakstur.

Tveir skjólstæðingar fá aðstoð við lyfjatöku hjá okkur.

Heimþjónustan/heimahjúkrun hefur sinnt 19 af skjólstæðingum Maríuhúss á árinu. Það er meðal annars aðstoð við athafnir daglegs lífs, lyfjagjafir og eftirlit/stuðningur.

Þrettán skjólstæðingar fengu færni og heilsumat á árinu og þrír útskrifuðust héðan í biðpláss á spítala.

Nánari tölulegar upplýsingar og samanburður milli 2012 og 2013 er hér aftast.

Starfsmenn

Á árinu urðu breytingar í starfsmannahópnum. Ágústa Lilja Ásgeirsdóttir þroskaþjálfari hóf störf um miðjan janúar eftir að ljóst varð að Jóhanna iðjuþjálfari ætti ekki afturkvæmt úr veikindaleyfi. Guðmunda Steingrímsdóttir sjúkraliði sagði upp störfum í vor og um miðjan júlí bættist Guðný Brynjólfssdóttir félagsliði í starfsmannahópinn í hennar stað.

Valgerður E. Gunnarsdóttir lauk sjúkraliðanámi á árinu.

Í upphafi árs voru 7 starfsmenn í 6,15 stöðugildum en í lok árs voru stöðugildin orðin 6,35.

Um áramót starfa í húsinu 2 hjúkrunarfræðingar, þroskaþjálfari, sjúkraliði með sérnám í öldrun, 2 sjúkraliðar og félagsliði.

Á haustdögum árið 2013 fór starfsfólkið í námsferð til Akureyrar ásamt starfsfólki Fríðuhúss og Drafnarhúss. Var það vel lukkuð ferð sem endurnýjaði áhuga og krafta allra.

Vegna þessarar ferðar féllu út starfsdagar í júlí og ágúst. Að öðru leyti voru starfsdagar nýttir í skipulag á virkni, fræðslu og við heimsóttum Roðasali og Eir svo að eitthvað sé nefnt.

Húsnæðið

Reykjavíkurborg hefur sinnt viðhaldi á húsnæðinu. Það hefur verið á dagskrá að pússa og lakka allt parkett á efri hæðinni en það bíður þess að borgin hafi fjármagn í það. Talsverður raki er í bílskúr (bæði uppi og niðri) og er borgin meðvituð um það og hefur þétt bílskúrshurðina. Einnig

kom í ljós að vatnsbrunnur á bak við húsið virkaði ekki og því grunnvatnsstaða væntanlega hærrí en hún þarf að vera. Ný dæla var sett í þennan brunn og kannski mun rakinn í húsinu minnka. Loka þurfti geymslu niðri vegna raka/sveppa árið 2012 og er hún enn lokuð. Þessa geymslu höfum við ekki verið með afnot af en stjórnkerfið fyrir hitakerfi í innkeyrslu er þar inni. Aðalrýmið á neðri hæðinni er við innganginn í geymsluna. Hurðin var þétt til að minnka líkur á að óloft komist fram.

Talsvert autt svæði (gras og stétt) eru á bak við húsið. Það væri gaman að geta nýtt það betur, til dæmis með því að útbúa púttvöll eða fá hænsnakofa. Stór pallur með skjólvegg myndi líka gera mikið, þá væri líka hægt að hafa meira opið út án þess að við hefðum áhyggjur af að hver rati ekki til baka til okkar.

Þrif

Hreint sér um þrif í Maríuhúsi og koma tvisvar í viku. Starfsfólk hefur bætt á sig ýmsum verkefnum tengdum þrifum, sérstaklega í tengslum við eldhús og salerni. Almenn gengur vel en öðru hvoru þarf að áréttta að ekki sé nógu vel þrifið. Það hefur verið nokkuð um að nýtt fólk taki við þrifunum.

Aðrir sem koma að þjónustu

Kjartan og Þórunn sjá um akstur fyrir Maríuhús. Á árinu hafa 37 skjólstæðingar nýtt sér akstursþjónustu. Seltjarnarnesbær sér um akstur fyrir sitt fólk en á árinu voru þrjár skjólstæðingar af Seltjarnarnesi.

Jón G. Snædal, öldrunarlæknir á Landakoti hefur komið einu sinni í viku í Maríuhús og sinnt skjólstæðingum okkar á fjölbreyttan hátt.

Hrafnhildur Hjartardóttir fótaaðgerðarfræðingur og snyrtifræðingur kemur í Maríuhús eftir þörfum og sinnir skjólstæðingum okkar sem þess óska.

Guðný Guðmundsdóttir hárgreiðslukona kemur í húsið eftir þörfum.

Skjólstæðingarnir borga sjálfir fyrir fótaaðgerð og hárgreiðslu en það sparar mikið skutl fyrir aðstandendur að geta fengið þessa þjónustu hér í húsinu.

Starfið

Í Maríuhúsi leggjum við megináherslu á að sinna skjólstæðingum okkar og aðstandendum þeirra af alúð og virðingu. Við virkjum skjólstæðinga okkar eftir besta megni til að viðhalda og efla færni þeirra. Stór þáttur í starfi okkar er fjölskylduhjúkrun en aðstandendur eru þeir sem gera okkar skjólstæðingum kleift að búa heima sem lengst og þeir þurfa á öllum þeim stuðningi, sem í boði er, að halda til að geta hugsað um ástvin sinn. Í sameiningu geta dagþjálfun og aðstandendur unnið kraftaverk.

Við aðstoðum fólk við að meta hvenær þörf er á meiri aðstoð (í Maríuhúsi eða frá félags/heimaþjónustu). Við ráðleggjum hvíldarinnlagnir á hjúkrunarheimili og aðstoðum fólk í því ferli. Á árinu fóru 13 skjólstæðingar í hvíldarinnlögn, þar af voru tveir sem fóru oftast en einu sinni. Dvöl þeirra var á bilinu 10 dagar til 8 vikur, að meðaltali 4,25 vikur.

Einnig veitum við stuðning þegar kemur að því að sækja um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili fyrir viðkomandi en það geta verið þung skref fyrir alla.

Markmið okkar fyrir komandi ár er að halda áfram því góða starfi sem hér er unnið svo að skjólstæðingar okkar geti búið sem lengst heima, við sem besta heilsu og aðbúnað.

Reykjavík, 14. febrúar 2013

Ólína Kristín Jónsdóttir
hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Maríuhúss

	2013	2012
Fjöldi skjólstæðinga	42	46
Meðaldvalartími útskrifaðra	20,7 mán	19,7 mán
mest	52,8 mán	47,3 mán
minnst	3 mán	3,2 mán
Meðalaldur	77,5	79,3
Konur	19	25
Karlar	23	21
Búa einir	18	17
Fá heimaþjónustu	19	25
Fóru í hvíldarinnlögn	13	15
meðaltími í hvíld	4,25 vikur	3,25 vikur
Notfæra sér akstursþjónustu	37	40
Fengu Færni og heilsumat	13	11
Sjúkrahúsinnlagnir	13 (10 skjólst.)	17 (15 skjólst.)
Útskrift á spítala	3	6
Andlát (heima eða á spítala)	0	4